



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 9. mars 2015 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sat fundinn Ágúst Már Gröndal, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn og leitaði afbrigða að taka eitt mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1410001 – Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 9. febrúar 2015.**
Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. **1503002 – Umsókn um styrkvegafé til Vegagerðarinnar.**
Nefndin ákvað að sækja um styrkvegafé að upphæð kr. 8.400.000 vegna vegabóta í sveitarfélaginu fyrir árið 2015. Sveitarstjóra falið að ganga frá umsókn til Vegagerðarinnar. Samþykkt samhljóða.

3. **1503003 – Fundur með vegamálastjóra og framkvæmdastjóra Siglingasviðs varðandi Flateyjarhöfn og Staðarhöfn.**
Minnispunktur sveitarstjóra frá fundinum sem haldinn var 17. febrúar 2015.

Nefndin fór yfir minnispunkta sveitarstjóra frá fundinum um Flateyjar- og Staðarhöfn.

Varðandi málefni Flateyjarhafnar ákvað nefndin að afla sér frekari upplýsinga um hvernig rekstri er háttað á sambærilegum höfnum á landinu. Sveitarstjóra var falið að afla upplýsinga fyrir nefndina. Samþykkt samhljóða.

Varðandi málefni Staðarhafnar kom fram að höfnin og landið í kringum hana væri í eigu ríkisins. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að sveitarfélagið taki ekki yfir höfnina af ríkinu. Samþykkt samhljóða.

4. **1411030 – Kúatjörn, hreinsun og stíflun.**
Erindi vísað til nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar þann 13. nóvember 2014.

Nefndin fór yfir gögn málsins. Nefndin hefur ekkert á móti því að laugin verði endurbyggð, en bendir á, að huga verður að fornminjum á svæðinu og tryggja að ekki skapist slyshætta við laugina. Samþykkt samhljóða.

Nefndin beinir því til sveitastjórnar að merkja þurfi hverasvæði á landi sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

5. **1501018 – Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.**
Staðfest aðalskipulag ásamt erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 18. febrúar 2015.

Kynnt.

6. **1503004 – Ólöglegur útflutningur úrgangs.**
Tilkynning frá Umhverfisstofnun.

Lagt fram.

7. **1503006 – Tilkynningar um úrgang og farmleifar og eftirfylgni.**
Gögn frá Umhverfisstofnun.

Lagt fram.

8. **1503005 – Fundargerð 372. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.**

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

9. **Stofnun lóðar fyrir eldsneytisdælur á Reykhólum.**

Nefndin fór yfir gögn málsins. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að stofna 100 fermetra lóð í kringum eldsneytisdælur úr landi 139721, sem er 2590 fermetra leigulóð fyrir Hellisbraut 72. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____